


HEIMIR



EFNISYFIRLIT

Pegasus fréttinni	E. J. Á. Þýddi	-	Longfellow.
Robert Collyer	-	-	Ritstj.
Blóm ok ávextir	-	-	R. Collyer.
Draumar	-	-	Ritstj.
Árafundur	-	-	Ritstj.
Úr ýmsum áttum	-	-	Ritstj.
Dýraveiðin	-	-	A. Strindberg





VIII. ÁR

1913

11 BLAÐ

TIMBUR!

 Vér höfum miklar byrgðir af tegldu og óteglu timbri.
 Vor innanhús "Finishing," Gluggakarmar, Hurðir og Listar, eiga enga sína jafningja. Eitt borð eða vagnhlass.

Komið til vor

The Empire Sash & Door Co. Limited


Henry Avenue, East

BARNALÆRDOMSKVER ÚNÍTARA

er til sölu hjá þessum mönnum:

Sveini Thórvaldssyni, Icelandic River; Sigurði Péturssyni, Árnes; B. B. Olson Ginli; séra Rögnv. Péturssyni, Winnipeg; séra Guðm. Árnasyni, Winnipeg; Guðmundi Guðmundssyni, Mary Hill; Nielsi Hallssyni, Mary Hill; séra Albert E. Kristjánsyni, Lillesve; Ólafi Péturssyni, Foam Lake; Magnúsi Bjarnasyni, Mountain; Einari Einarssyni, Pine Valley; og flestum íslenskum bóksöllum. :: ::

VERÐ: 35 cent



PEGASUS Í RÉTTINNI.

Eftir Longfellow.

Einu sinni að þöglu þorpi,
þegar skein í austri sól,
viltist skeiðfrár skáldafákur,
skeytti' ei hvert hann fór á ról.

Haust var komið, kvaka heyrðust
kornhænur á ökrum dátt.
Eplin eins og gneistar glóðu
gegnum laufið bleikt og grátt.

Hringdi klukka' í háum turni,
h'jómur barst um sæ og grund.
Fáksins komu' hún fagnaði' ekki,
fólkið vakti hún af blund.

Sveitina þó sá hann fögru
sveipaða í þokuhjúp.

Ilmur laufsins hestinn hresti
hreinn sem lindin svöl og djúp.

Skóladrengir fundu fákinn
á flæking þar um grænan blett,
og höfðingjarnir lýðsins lærðu
létu' hann strax í hrossa-rétt.

Þorpskallarinn klukku hringdi,
kvað við rómur digur, hár,
hrópandi um hverfis götur:
"Hér skal selja strokuklár!"

Forvitnin og flónskan bæði
fólkið þangað knúði strax.
Enginn hafði heyrt né litið
hest með vængi og gullið fax.

Þannig dagur dróst að kvöldi,
dimman breiddist fyrir sól;
en það færði fáknum hvorki
fæðu, bæli eða skjól.

Samt hann þreyði þolinmóður
þar á bak við grindurnar,
þar til upp úr austri máninn
elti skærar stjörnurnar.

Unz um hánótt hringdi klukkan
hátt í turni dimt með lag,
og haninn gól að húsabaki
heilli stundu fyrir dag.

Dá brann skapið úr hans augum,
af sér braut hann haft og taug,
breiddi strax út b.ða vængi
og burtu út í geiminn flaug.

Að morgni, þegar þorpsins búa
þörfin út til starfa dró,
var hinu fagri fákur horfinn;
fólkið skildi' ei hvernig þó.

Það sá nú að þar sem áður
þolinmóður dvaldi hann,
spratt upp lind svo spegilögur
úr sporum hans og áfram rann.

Og sú lind sem aldrei þrýtur
ávalt gleður fólkið þar.
Þeir sem af henni þyrstir drekka
fá þrek og raunabætunar.

E J. Á.



Robert Collyer.

Þriugasta nóvember síðast liðinn andaðist í New York öldungurinn Robert Collyer 89 ára gamall. Hann var fjölda



REV ROBERT COLLYER

mörg ár einn af best þektu og vinsælustu prestum Únítara í Bandaríkjunum, og nafnkendur, bæði í Ameríku og á Englandi, sem mælskumaður og rithöfundur.

Robert Collyer var fæddur í smáborpi sem Keighley heitir í Yorkshire á Englandi, 8 des. 1823. Faðir hans var járn-

smiður. Hann hafði á æskuárum verið tekinn úr munaðarleysingjahæli og settur í verksmiðju. Engrar mentunar hafði hann notið. Móðir hans hafði líka verið munaðarlaus og unnið í verksmiðju á yngri árum. Hún var dugnaðarkona mikil. Sjálfur lýsti Robert Collyer henni þannig: "Móðir mín var svo framtakssöm kona, þó hún kynni varla að lesa eða skrifa, að ég held að hún hefði getað tekið við formensku á stærðar herskipi og stýrt því í orustu, ef henni hefði verið skipað að gera það". Foreldrarnir voru mjög fátæk, og því var ekki um tala að drengurinn fengi nokkra mentun. Nokkra mánuði gekk hann í barnaskóla, og var það ásamt tilsögn í kvöldskóla einn eða tvo vetur öll sú skólamentun, sem hann naut. En strax á barnsaldri bar á ákafri fróðleikslöngun hjá honum og las hann alt sem hann gat fest höndur á. Sú saga er sögð, að þegar hann var lítill drengur, gaf einhver honum einu sinni koparskilding til að kaupa eitthvert góðgæti fyrir. Hann hljóp í búð með skildinginn og fór að horfa á sykurstangir í glugganum. En rétt þar hjá var ofurlítið kver, sem á var prentað: "Sagan af Whittington og kettinum hans, verð í sk." Á augabragði hætti hann við að kaupa góðgætið og keypti bókina. Faðir hans útvegaði honum bækur að láni, því fáar bækur voru til heima, og ekki efni til að kaupa neinar. Fyrstu bækurnar, sem hann las, voru: Róbínson Krúsó, För pílagrímsins og biblían, snemma las hann einnig kvæði Burn's og leikrit Shakespeare's.

Þegar hann var átta ára gamall, var hann settur í verksmiðju til að vinna. Æfi hans var hin versta í verksmiðjunni. Vinnutíminn var frá kl. 6 á morgnana til kl. 8 á kvöldin. Síðar sagði hann frá, hvernig sér hefði liðið í verksmiðjunni á þessa leið: "Ég var þreyttari en orð fá lýst; ég hélt að klukkan ætlaði aldrei að hringja á kvöldin og leyfa okkur að fara heim og í rúmið. Og mér fanst ég vera rétt nýsofnaður á morgnana, þegar hún hringdi aftur og kallaði til vinnu". Í verksmiðjunni vann hann sex ár, þar til hann var 14 ára gamall, þá var hann tekinn úr henni og látinn fara að læra járnsmíði í smábæ skamt frá, sem Ilkley heitir. Við járnsmíðið var hann 12 ár, fyrst við að læra það og síðan sem eftirmaður þess sem kendi honum. Þegar

hann var orðinn sjálfstæður og farinn að vinna sér inn eitt pund sterling um vikuna. gifti hann sig. En hjónabandið varð ekki langt, því tæpu hálfu öðru ári síðar voru kona hans og barn lögð í sömu gróf.

Sorgin snéri huga hans til trúarbragðanna. Hann komst í kynni við Meþódista; og ekki leið á löngu áður en hann snérist til meþódistatrúar. Og þegar það kom í ljós að hann var vel máli farinn, var hann sendur út sem leik-prédikari í nágrennið.

Um nokkur ár hélt hann því áfram, en stundaði vinnu sína heima í þorpinu á hverjum virkum degi. En með tímanum fór hann að langa til að leita gæfunnar í Ameríku. Árið 1850 kvæntist hann í annað sinn og lagði af stað næsta dag frá Liverpool til New York.

Frá New York fór hann tafarlausr til Philadelphia. Þar fékk hann vinnu við járnsmíði. Lengi vel átti hann mjög erfitt uppdráttar þar, því vinnan var óstöðug. Varð hann þá stundum að taka aðra vinnu í bili. Hann gerðist strax meðlimur næstu meþódistakyrkju, er hann kom til Philadelphia, og hélt áfram að fara út og prédika á sunnudögum, eins og hann hafði gert heima á Englandi. Var hann sendur í úthverfi í grend við borgina. Hlustaði fólk með ánægju á hann, þó Yorkshire-mállyzkan, sem hann talaði nýkominn frá Englandi, væri honum fyrst nokkuð til fyrirstöðu.

En brátt dró að því að hann gat ekki átt samleið með Meþódistunum í trúarefnum. Segir hann sjálfur svo frá, að sér hafi alt af í rauninni staðið á sama um hinar svo nefndu kyrkjukenningar. Daglega lífið var það sem hann talaði mest um. En með þið voru trúbræður hans ekki ánægðir. Þegar svo þrælahaaldsmálið kom til sögunnar, og hann gekk óðara í lið með þeim, sem voru með afnámi þrælahaaldsins, var hann neyddur til að slíta sambandi sínu við Meþódistana. Hann kyntist Únítörum í Philadelphiu, og þeir gáfu honum meðmæli sín, er þeir vissu að í Chicago var þörf á manni til að veita forstöðu trúboðsstarfsemi, sem Únítarakerkjan þar hafði með höndum.

Þetta var árið 1859. Í Chicago varð hann brátt nafnkend-

ur sem mælskumaður. Hafði hann stórmikil áhrif þar og átti miklum vinsældum að fagna. Dvaldi hann þar um 20 ár. 1879 fékk hann kall frá Únítarasöfnuði í New York og var hann prestur hans til 1896, er hann lét af prestsþjónustu, en tók þó þátt í messugerðum á sunnudögum til dauðadags.

Robert Collyer var afburðamaður bæði að líkamsþreki og gáfum. Hann var ágætur verkmaður á meðan hann stundaði iðn sína, járnsmíðið. Sagði hann sjálfur frá, að hann hefði orðið svo leikinn í að smíða klaufhamra, þegar hann var í Philadelphia, að hann hefði getað klárað 10 tylftir á dag. Þó hann hefði sama sem enga skólamentun var hann mjög vel mentaður maður; enda las hann seint og snemma og lét enga stund ónotaða. Hann var áhrifamikill ræðumaður, einbeittur og ákveðinn í skoðunum sínum og hikaði ekki við að láta í ljós skoðanir sínar, þó þeir væru viðstaddir, sem ekki voru honum sammála. Sem viðurkenningu fyrir lærdóm hans, sændi háskólinn í Leeds á Englandi hann doktors nafnbót í bókmentum. Og til minningar um starf hans fyrri hluta æfingar var steðjinn, sem hann sló járníð á í Ilkley keyptur og gefinn kyrkju þeirri, er hann þjónaði í Chicago, fyrir fáum árum. Jafnan mintist Collyer þess sjálfur með ánægju, að hann var járnsmiður framan af æfni.

Collyer var mjög vinsæll maður. Var hann elskaður og virtur af öllum sem þektu hann bæði vegna hæfileika og mannkosta. Hann var ljúfmenni mesta, hreinn og staðfastur í lund. Af vinum hans má nefna Andrew Carnegie. Voru þeir aldavinir og fanst hvorum mikið til um hinn. Æfi beggja var lík að því leyti að báðir komu allslausir til Ameríku og urðu nafnfrægir menn, þó á ólíkan hátt væri.

Hinn ástsæli öldungur dó eftir stuttan lasleika. Únítarar í New York, Chicago, Boston og Washington héldu hátíðlegar samkomur til minningar um hann. Hann var syrgður af mörgum bæði í fósturlandi sínu og fœðurlandi.

Blóm og ávextir.

(Dýddur útdráttur eftir R. Collyer).

Fyrst er að komast að raun um það, að hjá okkur öllum hljóta fyrirheitin að vera stærri en það sem fram kemur síðar, ef nokkuð verulega gagnlegt á að finnast hjá oss á annað borð; og að sérstaklega í æsku getur verið um mjög lítið nema fyrirheiti að ræða, ef oss er leyft að lifa eins og Guð hefir ætlast til að vér lifðum, og þeir sem elska oss og annast, sjálfra vor vegna, eru nógu framsýnir til að sjá, að við meiru er ekki hægt að búast af oss. Góður garðyrkjumaður leitar ekki að ávöxtum á ungu tré og óskar ekki eftir að finna þá þar, því hann veit að það mundi eyðileggja tréð. Hann er ánægður með að sjá ungvíðið standa og fella blóm í grasið aftur og aftur og hann bíður eftir að ávextir komi með tímanum.

Hann segir að krafturinn sé að safnast í rótum og stofni, sem með tímanum beri ávexti og launi honum alla sína bið. Það er sorglegt að sjá feður og mæður, sem fara ekki jafn hyggilega með börn sín og garðyrkjumaður með ungvíði sitt, sem eru ekki ánægð með að láta barnið vera barn og ekkert meira, heldur íþyngja hinni uugu plöntu með kröfum, sem ættu að vera fyrir hið sterka og fullvaxna tré.

Feður og mæður ættu að vera ánægð með að vernda ungvíðið fyrir öllum yrmlingum, sem grafa sig inn að rótinni eða stinga stofninn, þau ættu að sjá um að jarðvegur sá, sem það fær styrk og næringu úr, sé góður, halda því beinu og réttu, og láta sólina skína á það og dökk æskunnar styrkja það. Feður og mæður ættu að vera ánægð með alt þetta og blómgunina í tilbót, í stað þess að knýja æskuna til starfs, meðan vonin ein um það sem muni verða síðar er hin bezta Guðs gjöf.

Það er mín skoðun, byggð á eigin reynslu, að ekki ætti að búast við neinu af hálfþroskaðri æskunni, sem ekki er náttúrlegt og henni samboðið. Að ímynda sér að börn geti aldrei of snemma byrjað að bera byrðar lífsins, ef hægt er að koma í veg

fyrir það, er mjög skaðlegur misskilningur. Biblían segir að það sé gott fyrir manninn að bera ok í æsku, en ég skyldi láta okið vera létt á þeim ungmennum, sem Guð gæfi í mína umsjón, og á börnunum ætti það að vera eins létt og léttasta blóm á greinum trjáanna. Börnin geta ekki gert neitt betra gagn en að blómgast og hlúa að sínum vaxandi þrám, án þess að hugsa hið minsta um, hvort þær muni rætast.

..... Látið þau dreyma! Draumar eru ritning barnanna. Látið þau dreyma! Þetta eru blómin á trénu, sem ber sína eigin ávexti og sem ber í sér sitt eigið fræ. Guð, í sinni eilífu gæzku, hefir látið þau verða það sem þau eru, eins og hann lætur ungvíðið blómgast, þar til árin hafa gert þau nógu sterk til að bera ávexti. Látið þau njóta glöðu og frjálsu æskunnar.

Og aftur þegar vér erum komnir á það stig, að búist er við meiru af oss en trénu, sem blómgast, en ber enga ávexti, má oft finna hjá þeim beztu og göfugustu vonir og þrár, sem verða aldrei annað en það sem blómin eru á trénu. Ég geri ráð fyrir, að nú, þegar þeir af oss, sem komnir eru til ára sinna, hafa haft næga reynslu í þessum efnum, getum vér minst morgna, er vér gátum ráðgert að vinna undrastór dagsverk, en fundum að kvöldi, að vér höfðum afkastað svo litlu af því sem vér einsettum oss að gera, að oss lá við að taka undir með hinum forna Rómverja og segja: "Ég hefí tapað degi!"

Þetta er hin eilífa aðgreining náttúrunnar á rikulegum blómavexti og fátæglegum ávöxtum gefin í einfaldri reynslu eins dags. En máske að vér getum séð, eí vér viljum, að ófvöxtur fyrirætlananna hafði þetta til síns ágætis, að hefðum vér ekki risið á fætur og byrjað dagsverkið með þessum eldheita áhuga, þá hefðum vér hvorki leyst af hendi jafn mikið og vér í raun og veru gerðum, né gert það eins vel. Og þegar á daginn leið og vér fórum að finna til þreytu af erfiðinu, var áhuginn oss hið sama og vorregnið er gróðrinum í hásumars þurkinum. Það fyllir alla læki, svo að hver rót nær í eitthvað. Og það sem er fram yfir í skóginum og á fjöllunum snýr mylnuhjólunum.

Ég geri ráð fyrir að fæstir, sem hugsa hátt, geti látið ávexti

fullorðir sáranna jafnast á við vonir og eftirlanganir æskunnar: sízt af öllu í því, sem er nauðsynlegt til þess að þeir geti leyst af hendi ætlunarverk sitt í lífinu. Málarinn Haydon byrjaði æfi sína með blómlegum fyrirheitum. Hann dreymdi um, að hann mundi sigra heiminn með gáfum sínum og byrja nýtt tímabil í málaralistinni. En því miður varð æskudraumur hans að hugarkvöl og vonbrigðum á síðari árum hans, að eins vegna þess að hann hvorki vildi skilja né gat skilið þessa auðsæju en þó huldu þýðingu hins ávaxtalaus blómvaxtar. Hann bar nokkra góða ávexti; og, hefði hann getað sagt: "Guði sé lof fyrir það sem ég hefi gert, ég gat ekki betur gert og ég er ánægður", þá hefði hann verið langt um hamingjusamari maður en hann nú var, og beðið þess að englar kæmu og flyttu hann burt, í stað þess að binda enda á líf sitt fyrir tímann.

Og aftur getum við séð hvernig þessi mismunar á blómgun og ávöxtum getur komið fram alstaðar í lífinu, og verið oss hjálplegur, ef vér að eins viljum taka lögmál hans til greina, eða unnið oss ómetanlegt tjón ef vér krefjumst að fá ávöxt fyrir hvert blóm.

Ungur maður yfirgefur heimili sitt á vormorgni æskunnar. Hann er viss um, að ef hann leggi sig fram, þá mui hann ná góðri stöðu og geta gert það sem hann óskar að komist í framkvæmd. Eftir tuttugu eða þrjátíu ár finnur hann að hann er ekki sá maður sem hann ætti að vera, ef ávextirnir hefðu jafnast á við blómgunina. Hann er því í hættu með að verða óánægður og efunargjarn, ekki að eins með sjálfan sig, heldur einnig með guðs forsjón, sem honum finst að hefði átt að hjálpa sér til að ná takmarki vona sinna, eða að öðrum kosti, aldrei að hafa látið hann hafa þessar vonir.

Ég vildi geta náð í þann mann, sem þannig hugsar, og biðja hann um að taka eftir, hvað náttúra nafi hafst að í skógunum og gördunum á þessu ári, og síðan segja honum að það hafi verið gott fyrir hann að hafa vonirnar, og að ávextirnir hafi einnig verið góðir. Hefði hann fylgt hinni innri hvöt sem krýndi æsku hans með þessari fögru kórónu vonarinnar, þá hefði hann komið miklu meiru til leiðar en sá maður, sem aldrei von-

aði og aldrei hugsaði hátt. Vér berum allir einhverntíma einhverja góða ávexti, ef vér höfum fyrirætlanir og vonir — máské eins mikla og vér getum undir risið, ef vér að eins skildum allan leyndardóm lífsins. Vér ættum þess vegna ekki að efast um Guðs forsjón vegna þess að svo mörg fyrirheiti hafa ekki komið fram. Hún er eins og náttúran, sem lætur ofauknu blómunum rigna niður við rætur trésins.

Í þessu liggur sönn lífsánægja og heimilisánægja. Ég geri ráð fyrir að mörg hjón komist að raun um að líf þeirra eftir giftinguna samsvari ekki fullkomlega draumum tilhugalífsins. En hvergi í heiminum finst nokkur göfuglyndur maður eða kona, sem ekki lofar hamingjuna fyrir þá drauma, sem voru svo ljúfir meðan þeir entust. Dýrð þeirra er eins og vorregnið, ef ég má nota samlíkinguna aftur: ef þau geyma hana í hjörtum sínum og skilja hvers virði hún er, þá getur hún enzt þeim marga heita þurkdaga, og ávextirnir orðið nægir, þegar að uppskerutímanum kemur.

Draumar.

Draumar eru lang-almennastir af öllum fyrirbrigðum sálarlífsins, að undanteknum þeim sem vanalega eiga sér stað í heilbrigðu ástandi í vöku. Alla menn dreymir í svefni, en mjög eru draumar manna ólíkir. Hjá mörgum óupplýstum mannflokkum hefir sú skoðun rutt sér til rúms, að draumar stöfuðu af því, að í svefni yfirgæfi sálin líkamann og ferðaðist á fjarlæga staði, eu sameinadist honum aftur og myndi þá alt, er fyrir sig hefði borið á ferðalaginu. Þessi skoðun á sér ekki stað nema á allra lægstu stigum mannlegs vits og þekkingar. En afarlengi loðir þó sú skoðun við, að draumar séu dyr, er sálin stígi í gegnum inn í óþektan heim, sem maðurinn hafi ekkert af að segja í vöku. Og, eins og kunnugt er, leggja fjöldi margir nú á tímum mikið

upp úr draumum sínum, trúa að í þeim birtist sér margt, sem þeim væri ómögulegt að hafa nokkra vitneskju um á annan hátt og að draumar séu fyrirboðar óframkominna viðburða.

Nú á síðustu tímum hafa sálarfræðingar leitast við að útskýra drauma vísindalega og yfir höfuð alt óvanalegt og óheilbriggt sálarástand. Margar og mikils verðar upplýsingar hafa fengist, en þó er mikið enn órannsakað og óútskýrt.

Hinn nafnkendi þýzki sálarfræðingur, Wundt, og aðrir með honum skifta vanalegum svefni í þinn stig. Fyrst er mók, meðan meðvitundin er að hverfa; síðan kemur enn dýpra mók, eða það sem í daglegu tali mundi kallað að festa svefn; að því loknu kemur djúpur svefn næstum eða alveg meðvitundarlaus; á eftir þessum fasta svefni kemur léttari svefn með draumum, og að lokum breytingin frá svefni til vöku. Draumar, segir hann að séu eingöngu samfara hinum léttara svefni, og hafi tvö aðaleinkenni: fyrst að minnishögtökin séu tekin fyrir líkamlega hluti, og í öðru lagi breytist eftirtektin þannig, að skynjunin, sem kemst að í draumaástandinu, framleiðir allskonar tálmyndir.

Minnishugtökin eru eftirstöðvar frá því sem borið hefir fyrir skynjunina, eða um hefir verið hugsað í vöku. Menn gera ráð fyrir, að alt sem skynjunarfæri mannsins, t. d. sjón og heyrn taka á móti, skilji eftir einhver mörk í heilanum, líkt og broddurinn í málvélinni skilur eftir mörk á vax-sívalningnum, sem hann strýkst yfir. Sum þessi mörk eru svo dauf að þeirra gætir aldrei framar; viðburðurinn eða skynjanirnar, sem mynduðu þau sökkva í gleymsku eða liggja grafin í því sem nefnt er undirvitund um lengri tíma. Aftur á móti eru sum mörkin svo skýr að það sem þau tákna, ef svo má að orði komast, hverfur aldrei úr huga, rifjast upp hvað eftir annað. Svo er með hvað eina, sem hefir mikil áhrif á oss, þegar vér skynjum það, t. d. óttalegt slys, sem vér erum sjónarvottar að, eða óvenjulegt hljóð, sem skerst upp úr vagnaskrölti og skóhljóði á fjölförnu borgarstræti. Í draumum rifjast þessi fyrri reynsla upp, en í staðinn fyrir að í draumnum er í raun og veru ekkert nema endurminningin, finst þeim, sem dreymir, alt vera verulegt, eins og í vöku. Gerum ráð fyrir, að maður hafi heyrt skothljóð. Hljóðið hefir

borist inn í heyrnarstöðvarnar í heilanum með heyrnartauginni og skilið þar eftir einhver ummerki. Svo næstu nótt dreymir mann, ekki að eins að maður heyri skothljóð, heldur að maður sjái mann með byssu, sjái hann miða byssunni, og fugl detta, þegar skotið ríður af. Þannig verður það, sem í vöku er minnishugtak, og ekkert meira, að fjölbreyttri mynd í draumi, sem dreymandinn heldur að hafi sama veruleika og hinn líkamlegi vökuheimur hans.

Wundt heldur fram, að endurminningar nýafstaðinna viðburða komi helzt fram í draumum, og sérstaklega þær, sem hafa valdið sterkum geðshræringum. Aðrir eru, aftur á móti, þeirrar skoðunar, að endurminningar þeirra atvika, sem tiltölulega lítil áhrif hafa haft á hugsun og tilfinningar í vöku, eigi mestan þátt í draumum.

Tálmyndir skynjunarinnar eru mjög tíðar í draumum, sem og allir vita af eigin reynslu. Skynjun er ekki með öllu útilökun nema máske í dýpsta svefni. Náttúrlega eru það helzt tilfinningataugar líkamans sem verða fyrir áhrifum; heyrn og sjón að nokkru leyti líka, bragð- og ilmtaugar miklu síður. Ófurlítill hávaði kringum sofandi mann framleiðir drauma. Óþægilegar stellingar, lítillfjörlegur sársauki og margt fleira orsakar drauma, sem geta verið mjög óþægilegir. Margir kannast við að þungmeltur matur, sem er borðaður rétt undir svefninn, veldur óþægilegum draumum. Óvenjulegur þrýstingur á einhvern blett á líkamanum getur valdið því að maður dreymi, að maður sé stunginn; og hreyfing með hendi eða fæti getur framkallað drauma, sem ákóf handa eða fótahreyfing kemur fyrir í. Yfirleitt geta öll áhrif, sem berast frá einhverjum líffærum eða limum með taugunum til heilans, valdið draumum. En þessir draumar eru fullir af tálmyndum og hóflausum villum.

Samkvæmt skoðun Wundts blandast endurminningarnar frá vökureynslunni og skynjanaáhrifin í svefni saman í mörgum eða flestum draumum. Inn í drauma, sem byrja t. d. með einhverjum óþægindum fléttast endurminningar úr vökunni, svo að þeir verða sem samfeld viðburðarás, en ekki sundu slitin atvik.

Sálarfræðingar gera greinarmun á ofsjónum, sem orsakast

af missýningum, og ofsjónum, sem eiga rót sína að rekja til einhvers óheilbrigðs eða óvanalegs sálarástands. Ofsjón af fyrri taginu er það, þegar einhver hlutur sýnist vera annað en það sem hann er í raun og veru, t. d. þegar skuggi af einhverjum hlut er tekinn fyrir hlutinn sjálfan. Aftur á móti er það ofsjón án ytri orsaka, þegar óvanalegur þrýstingur á sjónartaugina veldur því að maður sér bjart ljós í myrkri. Í draumum verða ytri áhrifin á skynjunarfærin að ofsjónum og allskonar skynvillum; en hvort þessar skynvillur, eða ofsjónirnar af innri orsökum, hugarburður, eiga meiri þátt í draumum ber mönnum ekki sam- an um. Wundt álitur, eins og fram hefir verið tekið, að draumar séu aðallega skynvillur í svefni, og að alt sem kemur innan að frá myndi að eins sambönd. Aðrir gera miklu meira úr innri orsökunum, bæði endurminningum og hugarburðinum, sem í svefni er alveg stjórnlaus, vegna þess að dómgreind og saman- burð vökureynslunnar vantar. Því verður ekki neitað, að sumir draumar eru svo rökréttir, að það virðist sem hugsunin sé áfram- haldandi og óslitin líkt og í vöku, sem tæplega gæti átt sér stað, ef draumar orsökudust mestmegnis af ytri áhrifum. En þó sumir draumar séu furðu rökréttir og hafi sambengi frá byrjun til enda, verða þeir mjög vel greindir frá hugsun í vöku vegna þess að í þá vantar sannindi vökureynslunnar. Þannig t. d. hverfa allar fjarlægðir í draumum. Dreymandinn hverfur á augnabliki úr einu landi í annað, og draumurinn heldur áfram eins og alt færi fram á einum stað. Sömu leiðis hafa flestir mjög óglögga hugmynd um tína í draumum. Yfirleitt eru reynslusannindin, sem vér ávalt verðum að taka fult tillit til í allri hugsun, nema í allra óljósasta hugarreiki, ekki til í draum- um. Skýrustu draumar eru því ekki ólíkir því, er vér í vöku látum hugann svífa yfir lönd og höf, en höldum þó áfram að hugsa um sama efni.

Með þá drauma, sem eru óslitnir og skýrir, virðist eðlileg- ast að gera ráð fyrir, að þeir byrji annaðhvort með einhverju minnishugtaki eða áhrifum á tilfinningataugarnar, sem bera öll áhrif til heilans, en haldi síðan áfram líkt og hugsun í vöku, að því undanteknu, eins og fram hefir verið tekið, að reynslusann-

indin vantar og að allt sem í draumnum er tekið fyrir verulega reynslu er tálmyndir.

Eins og allir þekkja af eigin reynslu, eru draumar manna mjög ólíkir. Suma menn dreymir vanalega fremur skýra og rökrétta drauma, eða eru berdreymnir, eins og það er kallað; aðra aftur dreymir óljósa og ruglingslega drauma. Þá eru draumar sumra einkennilegir vegna þess hvað óþægilegir þeir eru. Náttúrulega eru það ljósustu draumarnir, sem vekja mesta eftirtekt og sem menn muna lengst.

Það hefir verið, og er, mjög almenn skoðun með oss Íslendingum, að suma menn dreymi fyrir óorðnum viðburðum. Ekki verður sagt að sálarfræðislegar rannsóknir á draumum styrki þessa skoðun. Rannsóknirnar hafa miðað til þess að finna orsakir draumanna; og þeirra hefir verið leitað á því sviði, sem er starfssvið sálarfræðinnar, í meðvitundarlífi mannsins og ástandi heila og taugakerfis, bæði heilbrigðu og sjúku. Með þeirri þekkingu, sem sálarfræðingar eiga ennþá yfir að ráða er alveg óskiljanlegt, hvernig draumar geta staðið í nokkru sambandi við óorðna viðburði. Sambandið er náttúrulega ekki sannað með því að eitthvað mjög líkt draumnum kemur síðar fram við dreymandann í vöku. Verulegi viðburðurinn hefir náttúrulega ávalt sínar orsakir; og ef um eitthvert samband væri að ræða, þá hlýti viðburðurinn óframkomni að vera orsök draumsins, en það virðist með öllu óhugsandi. Eða að öðrum kosti, mætti hugsa sér, að einhver hærri kraftur birti dreymandanum viðburðina áður en þeir koma fram. En sú skoðun er engin vísindaleg útskýring, hún er ekkert annað en trú, sem er allri sálarfræði óviðkomandi, vegna þess að hún liggur fyrir utan starfssvið hennar.

Í nýútkominni bók eftir hr. Hermann Jónasson, fyrrum skólastjóra, er sagt frá mörgum merkilegum draumum, sem hann hefir dreymt. Draumar þessir eru merkilegir fyrir það, hve ljósir og skilmerkilegir þeir eru. Eftir því sem höf. segir frá, hefir hann dreymt suma þeirra í nokkurs konar vökuleiðslu. Þegar maður les drauma þessa dettur manni í hug, að endurminningar úr vöku og undanfarin umhugsun hafi óafvitandi getað átt meiri þátt í þeim en höf. virðist ætla. T. d. er það

sennilegt um draumana um sauðaleit og ferðalög. Það sem höf. segir um atvik á undan draumunum virðist alt benda á, að hann hafi að einhverju leyti verið undir hvern draum búinn; og þó er þar efalaust mörgu slept, sem enn betur mundi skýra samband draumanna við undanfarna reynslu. Jafnvel drauminn um skipið, sem fórst, dreymir höf eftir að hann hefir ásett sér að ferðast sjálfur með skipi. Að vísu má segja, að það útskýri ekki hvers vegna draumurinn líktist svo mjög viðburðunum. En getur þar ekki verið um tilviljun eina að ræða? Að minsta kosti er það engu ósennilegri tilgáta en hin, að dauð kerling hafi gefið dreymandanum vísbendingu um það sem var að gerast á fjarlægum stað. Njáludraumurinn sýnir greinilega, að höf. hefir hugsað mikið um söguna, áður en hann dreymdi drauminn. Og er meira að segja ekki óhugsandi, að hugmyndirnar, sem koma fram í draumnum hafi myndast í undirvitund hans og komist í meðvitundina í svefni.

Auðvitað rýrir þetta ekkert gildi draumanna sem drauma. Þeir eru í sjálfu sér merkilegir. Spurningin er að eins, hvort þeir, eða nokkrir aðrir draumar, geta skoðast sem áreiðanlegar spásagnir um fyrirburði eða vitranir úr heimi, sem er ofar reynsluheimi vorum. Uma það eru skoðanir manna efalaust skiftar. Máske tekst vísindunum betur að leysa úr allri þeirri ráðgátu, sem draumar ennþá gefa tilefni til, þegar tímar líða.

Ársfundur.

Únítarasöfnuðurinn í Winnipeg hélt ársfund sinn sunnudagana 26. jan. og 2 febr. síðastliðinn eftir messu. Á fyrri fundinum var kosin safnaðarnefnd fyrir komandi ár, og á þeim síðari voru skýrslur lesnar og áætlun yfir tekjur og gjöld næsta árs. Skýrslurnar sýndu að tekjur og gjöld safnaðarins á árinu námu

nær 2000 dollurum og kyrkjueignin var metin eins og í fyrra á 35.000 dollara. Kvenfélag og Ungmennafélag gáfu skýrslur, sem sýndu góða starfsemi yfir árið. Kvenfélagið hafði nýlega lokið við að borga fyrir hljóðfæri í samkomusalinn, sem það réðist í að kaupa fyrir þremur árum og kostaði yfir 400 dollara. Ungmennafélagið hafði fjölgað meðlimum að mun á árinu og og gefið söfnuðinum ríflega peningaupphæð. Hjálparnefnd útbýtti nokkuð á annað hundrad dollurum til fátækra. Bein tilög safnaðarneðlima voru hærri á þessu ári en það hafa nokkuru tíma áður verið. Sextán nýjir meðlimir bættust við. Í safnaðarnefnd voru kosnir :

S. B. Brynjólfsson,
St. Pétursson,
Friðrik Sveinsson,
Ól. Pétursson,

J. B. Skaptason,
G. J. Goodmundsson, og
Kr. Stefánsson.

Á eftir fundinum var haldið samsæti, sem Kvenfélagið stóð fyrir. Fór það mjög vel fram og héldu þessir menn ræður yfir borðum. S. B. Brynjólfsson, séra Guðni Árnason, séra Rögnv. Pétursson, Arinbj. S. Bardal, Siglús J. Siglússon, Árni Sveinsson og Þorst. Björnsson.

Úr ýmsum áttum.

Sú sorg rífregn barst hinum mentaða heimi fyrir skömmu að suðurheimskautsfarinn enski, Scott, hefði farist með öllum förunautum sínum á leiðinni til baka frá suðurheimskautinu. Takmarki ferðar sinnar hafði hann náð mánuði eftir að Norðmaðurinn Hróaldur Amundsen fann skautið fyrstur manna. Sem við er að búast, eru þeir Scott og félagar hans harmaðir mjög, bæði á Englandi og annarstaðar. Samskot voru strax byrjuð til að sjá ekkjum þeirra og börnum fyrir lífeyri.

Í Mexikó hefir verið styrjöld um nokkurn undanfarinn tíma, sem ekki er óvanalegt þar. Forsetinn, Madero, var tekinn höndum og drepinn á leiðinni til fangelsisins. Einnig hafa bróðir hans og varaforsetinn verið drepnir. Herforingi, Huerta að nafni, hefir tekið við völdum. Var uppreisn n gegn Madero gerð með hans ráðum og Felix Diaz, bróðursonar Diaz þess, sem afar lengi var forseti, en var gerður útlægur, þegar Madero og hans fylgjendur komust að völdum. Álitid er að Madero, og þeir sem drepnir veru með honum, hafi verið myrtir að undirlagi nýju stjórnariunar, en hún hefir reynt að þvo hendur sínar og kenna morðin óviðráðanlegum uppötum. Ekki er ólíklegt að gamli Diaz, sem svo lengi stjórnaði landinu með harðri hendi komist nú aftur til valda.

Eins og kunnugt er, fór forsetakosning nýlega fram á Frakklandi. Sá heitir Raymond Poincaré, sem kosningu hlaut. Hann er stjórnámalaður mikill og duglegur. Þykir margt benda til að hana ætli að taka ákveðna afstöðu gagnvart Þýzkalandi, sérstaklega þó það að hann hefir gert einn af verstu fjandmönnum Þjóðverja, Théophile Delcassé, að sendiherra Frakka í Pétursborg. En alt af er grunt á því góða milli Frakka og Þjóðverja. Ef Frakkar og Rússar mynduðu náid samband með sér, mundu Þjóðverjar ekki líta neinum vinaraugum til þeirra.

Frjálstrúarmenn í austurhluta Bandaríkjanna héldu þing í bænum Rochester í New York ríki 28—30 jan. síðast liðinn. Fyrir þinghaldinu stóðu tvö félög: The National Federation of Religious Liberals og The Free Religious Association of America. Fyrnefnt félag var stofnað árið 1908 og tilheyra því Únitatarar, Úníversalistar, og frjálslýndir Kvekarar og Gyðingar. Hið síðar nefnda félag er nærri 50 ára gamalt og var upphaflega stofnað af nokkrum hluta Únitataranna í Bandaríkjunum. Þingið í Rochester var sérstaklega eftirtektavert vegna þess að orþóðox kyrkjurnar þar í bænum tóku allmikinn þátt í því. Margir fyrirlestrar voru fluttir þar, og mikið rætt um sameiningu allra kyrkna og trúflokka yfirleitt um þau atriði, sem ekki eru ágreiningsmál. Má efalaust telja þing þetta all-þýðingarmikið spor í rétta átt.

Dýraveiðin.

Smásaga eftir A. Strindberg.

Séra Norström hafði mjög rýrar tekjur, sem bæði kom til af því, að söfnuður hans var fátækur, og hinu að mentunin að ofan lærðist niður á við, og trúarvillan frá lesurunum* gróf um sig hjá alþýðunni og dró frá kyrkjunni.

Hann hafði tvær kýr og nokkrar ekrur undir rúg og hveiti; skógarnytjar og fiskiveiði hafði hann sem hann vildi, en þar sem hann hafði ekkert vinnufólk, nema eina stúlku, varð hann að plægja, fiska og vinna í skóginum sjálfur.

Í skóginum gat hann höggvið við og tínt bláber til heimilisnota; og veiðirétt átti hann einnig, en þar sem hann hafði engan hund, gengu veiðidýrin óhrædd um skóginn hans. Prestsseturs-skógurinn var þess vegna orðinn að uppáhalds bústað elgsdýranna þar í grendinni um fjölgunartíman; þau juku kyn sitt í mýri einni í honum. Og af neyðinni hafði presturinn lært, að vísu enga dygd, en þó það, að gera sér ofurlitla auka-tekjugrein úr þessu. Hann hafði í mörg ár náð sér í eitt dýr, meira hafði það aldrei orðið; en þegar alt var lagt saman, ket, húð, horn og klaufir, varð það um áttatíu ríkisdala virði. Þar að auki var blóðið og innýflin, sem voru drjúgur búbætur. En þetta var óviss tekjugrein, sem hæglega gat brugðist, því það var undir einu einasta skoti komið, hvort kjötpotturinn kæmi á eld eða að eins s'ldir yrðu soðnar, sem voru matartilbreytingin, ef veiðin brást. Það var því ekki laust við að fólkið á prestssetrinu væri kvíðafult, þegar fór að líða að ellefta ágúst.

Strax í júlí voru bjöllurnar teknar af kúnum, sem gengu um skóginn; og með fyrsta ágúst varð vinnustúlkan að hætta að húa saman smáfénaðinum. Svo bar presturinn út salt fyrir dýrin að sleikja, hjó espigreinar og byrgði með þeim allar þvergotur. Síðasta sunnudag í júlí varaði hann fólk hógværliga frá prédikunarstólnum að fara með háreysti um skóginn hjá sér; og svo var hann sjálfur á verði til að gæta þess, að kerlingar og strákar færu þangað ekki að tína ber.

* Eins konar ofsatrúarflokkur

En baráttan um dýrin var ekki svo auðunnin. Jafnvel þó þau hefðu verið í skóginum alt sumarið, og hann hefði séð kálfa-ganga með skepnunum sínum, þangað til hann var orðinn eins vanur þeim og þó þeir hefðu staðið inni í búri hjá honum, þá gat það vel hent sig, að þegar hinn mikli dagur rann upp, tækju nokkrir duglegir eyjabúar sig saman og umkringdu dýrin þar sem þau voru, eða rækju þau í sjóinn; og síðan gátu þau orðið hverjum sem vildi að bráð á skerjunum.

Síðasta ár hafði presturinn verið heppinn. Dýrin höfðu komið og höfðu verið mjög gæf, því veturinn hafði verið harður. Þau höfðu við og við farið inn í gerðið og nartað í rúgin, en það hafði bara glatt hans gamla veiðimanushjarta. — Ef þið étið brauðið mitt, þá ét ég ketið af ykkur, hafði hann sagt til konu sinnar, sem sá eftir matbjörginni.

Svo kom ellefti ágúst, og presturinn byrjaði þann sólfagra dag með því að hláða byssuhólkinn með ensku púðri og kúlu.

Kerlingin faldi eldhússhnífinn undir svuntunni, tók fötu í hönd og svo var haldið af stað til skógarins. Það var orðinn síður, að presturinn og frúin skildu við gerðishliðið og færu kringum dýrin; spor þeirra sáust eins vel og héraslóðir. Og þegar frúin var komin alla leið, hrópaði hún hó-hæ, hó-hæ.

Það hafði rignt í fleiri vikur, svo dýrin höfðu staðið í mýrinni í þykkasta skóginum. En nú hafði veðrið batnað, og það var eins og skini í græna elda inni í birkiskóginum. Presturinn gekk inn í heslikjarrið, sem var blautt og moldin seigblaut, svo hjólförin mynduðu hvassa hryggi líkt og járnbrautarteina, og hann ætlaði rétt að fara að gæta að, hvort hvellhettan hefði ekki vöknað, þegar hann heyrði brak inni í kjarrinu. Eyrin lögðust aftur á prestinum og augun í honum urðu eins og stórir tinhnappar og hann reyndi að tylla sér á tá og gera sig léttan, og það var eins og hann héldi að hann gæti lyft sér upp með því að skjóta upp öxluunum, eins og hann vildi fljúga um leið og hann smaug inn í kjarrið.

Og þar stóð hann augliti til auglitis við sjálft elgsdýrið, sem teygði sig upp í laufið á ösp og dró til sín skjálfandi blöðin með löngu efi vörinni.

— Bang! — skotið reið af. Kúlan gekk í gegnum hrygginn einmitt þar sem hún átti að lenda, og risaskepnan hneig niður, eins og járnstöðunum hefði verið kipt burt úr beinagrind, og svo var alt búið.

Það var siður prestsins að brjóta hrygginn. Það var áhættuskot, en þegar það tókst var dauðinn eins vís og hjá slátrara. En að skjóta kúlunni annarstaðar í dýrið var til einskis, því það gat hlaupið margar mílur með hana í sér.

Það var eins og veiðimanninum þætti þetta hafa alt of bráðan enda og skotið ekki gefa tilefni til merkilegrar veiðisögu, því hann var blátt áfram ólundarlegur á svip, meðan dýrið var í dauðateygjunum; en þegar það var hætt að hreyfast, fór hann að kalla í kerlinguna. Hann fékk ekki svar strax, og hann var hræddur um, að ketið mundi skemmast, ef blóðið rynni ekki úr dýrinu, svo hann tók upp vasahnífinn og skar sundur slagæðina á hálsinum; svo þegar hann sá, hvernig blóðið bunaði, kleip hann um æðina. Svo hóaði hann aftur; og svo varð hann að sleppa æðinni aftur, sem hringaði sig eins og ormur inn í sárinu, til þess að blóðið hlypi ekki í kekki.

Loksins kom frúin með hnífinn og fötuna.

— Þú ert ekki fljót í ferðum, segir prestur, og reynir að láta sem sér standi á sama. — Og sástu hin?

— Ó, hamingjan góða! Þau komu eins og herfylking á gerðið, en þau héldu ofan að sjó.

Svo grípur frúin til hnífsins; og fatan fyllist af blóði, sem freyðir eins og mjöður, og á meðan krafsar presturinn, með uppbrettar ermar, inn í hálsinn á dýrinu, sem síðan er flutt heim með hjálp vinnufólksins þar í kring; og svo er kaffið drukkið og sláturveizla haldin, sem endist átta daga.

Svona gekk það til síðastliðið ár.

Nú situr presturinn uppi í kvistherberginu tíunda ágúst og hreinsar byssuna sína, en frúin tekur baunir úr hýðinu úti í garðholunni.

Þá heyrir fótatak niðri á sandbornum stígnum, og skógarvörður barúnsins frá Stórabæ kemur þrammandi og stanzar með húfuna í annari hendi og hundatengsli í hinni.

— Góðan dag, Eklund, hvað er nú í fréttum? segir séra Norström.

— Barúninn biður að heilsa prestinum og vill fá að vita, hvort hans konunglega hátign geti fengið að koma í skóginn á morgun til að skjóta elgsdýr, vegna þess að dýr barúnsins hurfu í nótt sem leið, og prinsinn liggur með gufubátinu sinn við Dalaey og biður veiðifararinnar, sem þeir buðu honum til.

Presturinn klóraði sér í höfði, en frúin, sem hafði heyrt skilaboðin, svaraði:

— Þú getur ekki sagt nei, Eiríkur, og þess vegna er eins gott að þú segir já strax.

— Já, það er eins gott að ég geri það, sagði presturinn, og með það var útgert um þetta í aðalatriðunum.

En heyrdu, Eklund, get ég ekki fengið að vera með líka? Því fleiri sem eru með, því meiri hepní — hélt presturinn áfram, eins og hann vildi í lengstu lög halda í ketpottinn sinn.

— Jú, það er ekkert á móti því, en það skal ég segja prestinum, því ég þekki það, að þó hann komi með, þá verður það samt sem áður barúninn, sem ræður hverjir skjóta, og þegar prinsinn á að skjóta þá hleypa hinir líka af, og það getur ekki verið til neinnar ánægju.

— Nei, það held ég nú líka, og ekki vil ég vera með slóðunum, þegar þess verður getið í blaðinu seinna.

— En heyrdu Eklund, tók nú prestsfrúin fram í — það getur ekki gengið svona, nema maður eigi von á einhverju; það er haustketið sem við missum, og þú gætir látið barúninn skilja það, svo maður fái ofurlitla þóknun.

— Segðu ekki meira — greip prestur fram í

— Já, sjáid þér til, frú mín góð, ég veit fyrir víst, að presturinn mun ekki þurfa að gera eitthvað fyrir ekki neitt, því maður veit, að heldra fólk tekur ekki á móti neinu, án þess að gefa eitthvað í staðinn, og ef ég man rétt, þá fékk lénsmaðurinn í fyrra gullúr og innsigli, sem litu út fyrir að hafa kostað þúsund krónur.

Þúsund krónur, suðaði í eyrunum á prestinum, þegar skóg-

vö durinn var laúinn og hann gekk í djúpum hugsunum til herbergis síns og hengdi byssuna á vegginn; þúsund krónur, hljómadí fyrir eyrum frúarinnar, þegar hún gekk inn í eldhúsið og setti baunirnar á eldinn. Og hinir gullfögru draumar fóru að vaxa og taka myndbreytingum, og ímyndunin fékk stóra vængi og sveif út í bláinn, þar sem voru gull og heiður.

Og við miðdagsverðarborðið, þegar presturinn hafði drukk-
ið þrjá sopa, var gullúrið orðið að feitu prestsembætti.

— Já, þú sérð það Karólína, enginn þekkir drottins vegi — sagði séra Norström, og enginn gat sagt, að hann legði drottins nafn við hégóma; — og það sem er niðurlægt getur alt í einu hafist upp; og hvað gáfum mínum viðvikur, þá skortir máske ekkert annað en að þær séu skildar.

— Sannast að segja get ég ekki séð, hvers vegna þú, Eiríkur, ættir ekki að geta séð um hundrað ekrur rétt eins vel og hver hinna, þessara lesara, sem aldrei hafa snert á plógi og að eins farið á bænasamkomur.

— Já það er nú önnur hlið málsins, Karólína, greip prestur fram í, hann kunnir betur við að tala í líkingum. — Það er önnur hlið málsins.

Hinn mikli dagur rann upp, sem allir íbúar prestseyjunnar biðu með eftirvæntingu, og þegar klukkan var ellefu gaf konunglega gufusnekkjan merki úti í firðinum. Séra Norström hafði búið sig og farið í sparifrakkann; nú gekk hann niður að bryggjunni til að taka á móti gestunum. En þegar hann kom niður að sjónum, sá hann skólakennarann þar og með honum lesarana, sem höfðu fengið einhvern pata af því, að konungsfólkið væri töluvert guðrækið, og sem þess vegna höfðu búið sig undir að vera viðstaddir með nokkuð af bezta skotliði safnaðarins.

En snekkjan rendi ekki að landi, heldur lagðist við akkeri fram á grunninu, og strax á eftir kom bátur frá henni, með sex hásetum, sem stefndi beint á svartklædda prestinn; hásetarnir heilsuðu honum með því að reisa árarinnar, og aðstoðarforingi í einkennisbúningi hljóp á land. Hann heilsaði kurteislega og bauð prestinum til morgunverðar frammi á snekkjunni, áður en

veidiferðin byrjaði; hún átti ekki að byrja fyr en klukkan fjögur, þegar dýrin færðu að hreyfa sig. Skólakennarinn, sem hélt að þetta væri prinsinn, rak upp gatul og samstundis byrjaði eitthvað sem líktist söng. En fóringinn benti þeim strax með hendinni að þegja og hrópaði eins hátt og hann gat.

— Hans konunglega hátign hefir fyrirskipað að það skuli ekki gera neinn hávaða á landi. Skiljið þið ekki, að það má til með að vera hljótt, þegar hans konunglega hátign er komin hingað til að veiða.

Söngurinn fór allur á ringulreið með skerandi hveillum hljóðum, sem bergmáluðu inni í vikinni og sem hefðu nægt til þess að fæla elgsdýrin út í sjó. En séra Norström fann til sigurfagnaðar yfir hinum kærleikslausa meiri hluta á ströndinni. Hann hafði vegna sinnar hærri mentunar orðið að þola alls konar ranglæti af lesurinum, sem höfðu versnað síðan þeir vissu að þeir höfðu stuðning frá hærri stöðum.

Framh.

HEIMIR

12 blöð á ári. 24 bls. í hvert sinn, auk kápu og auglýsinga.
Kostar **einn dollar** um árið. borgist fyrirfram.

Gefinn út af hinu Íslenska Únitaríska Kyrkjufélagi í Vesturbæmi.

ÚTGÁFUEFEND:

G. Árnason, ritstjóri S. B. Brynjólfsson, ráðsmadur
Jóh. Sigurðsson

Bréf og annað innihald blaðsins viðvikjandi sendist til Guðm. Árnassonar 385 Sim-
coe St. Peninga sendingar sendist til S. B. Brynjólfssonar 623 Agnes St

THE ANDERSON CO., PRINTERS

FASTEIGNIR KEYPTAR OG SELDAR

KOMIÐ OG ATHUGIÐ hvað vér höfum að bjóða, á ýmsum stöðum í borginni, áður en þér veljið yður byggingarstaði. Vér kaupum sölusamninga, lánun peninga út á eignarbréf fyrir bæjarlöðum. Komid til vor eftir öllu, tilheyrandi fasteignum.

WILLIAM GRASSIE

54 AIRINS BUILDING • 221 McDERMOT AVE.

PHONE 5347 • • • P. O. Box 645

NOTIÐ

Royal Crown

SÁPU

GEYMIÐ UMBÚÐIRNAR OG FÁIÐ VERÐLAUN.

Það hefir verið sannað með tilraunum að sex stykki af ROYAL CROWN SÁPU eru notadryggi en átta stykki af vanalegri sápu.

Fáið yður einn pakka af Royal Crown sápu, og komist að raun um að ofanskráð staðhæfing er rétt.

Sendið eftir fullkomnum verðlaunalista. Hann kostar yður ekki neitt.

THE ROYAL CROWN SOAPS, LTD.

VERÐLAUNAEILD

WINNIPEG, - - CANADA

Nýttiskulegasti og öndingarbeiti
skófatnaður í Canada

Þrjú verkamíðjur, Montreal og St. Hyacinthe

Tvær aðrstakar tegundir—

“Ames Holden Skór”

“McCready Skór”

Nægar byrgðir til skjótnar útsendingar í vörugæmsluhúsi
okkar í Winnipeg

Ames Holden McCready Limited